



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 112. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn á fjarfundi, mánudaginn 7. nóvember 2022, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrésson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hjördís Skírnisdóttir, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Laufey Guðmundsdóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Sigríður Arna Arnþórsdóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga, Snævarr Guðmundsson, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Skaftafell, Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Skaftafell, Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn, Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn, Ingibjörg Halldórsdóttir, settur framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

1. Suðursvæði - kosning formanns svæðisráðs - 2211011

Varaformaður svæðisráðs bauð nýjan bæjarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar velkominn í svæðisráð. Hann lagði til að Sigurjón Andrésson yrði kosinn formaður svæðisráðs. Samþykkt samhljóða. Sigurjón tók við stjórn fundarins.

Ingibjörg Halldórsdóttir, settur framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, sat fundinn undir liðum 2-7.

2. Suðursvæði - af vettvangi stjórnar - 2203070

Varaformaður svæðisráðs fer yfir mál af vettvangi stjórnar.

Varaformaður svæðisráðs sagði frá því sem rætt var á síðasta venjubundna fundi stjórnar, sem haldinn var í Mývatnssveit. Þar var m.a. rætt um rekstur þjóðgarðsins, endurskoðun gjaldskrár og húsnæðismál. Einnig fór þar fram kynning á vinnu við stjórnskipulag umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

3. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða - 2001003

Þjóðgarðsverðir fara yfir stöðu mála á svæðinu.

Þjóðgarðsverðir greindu frá starfseminni undanfarnar vikur.

Við Jökulsárlón er verk taki tekinn við þrifum á salernum og hefur gengið vel þá viku sem liðin er síðan það hófst. Fundur með rekstraraðilum íshellaferða fór fram í síðustu viku og gekk mjög vel. Vegurinn í Þröng er mjög slæmur, rekstraraðilar hafa viðráð þá hugmynd að slá saman í viðgerðir. Vinna við Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hoffellslambatungur er að fara af stað eftir hlé. Stefnt er að vettvangsferð í vetur.

Polmarkarannsókn gengur vel. Búist er við einhverjum töfum á skýrsluskilum, þó ekki lengur en fram í mars 2023.

Úr Skaftafelli er það að fréttu að Þjóðgarðsvörður sat ráðstefnu Europarc í Frakklandi í byrjun október. Búið er að setja upp nokkra bekkir á gönguleið að Skaftafellsjöklum. Um 3000 gestir gistu á tjaldsvæðinu í október. Matarvagninn á tjaldsvæðinu lokaði í gær. Farið verður í einhverjar endurbætur á veginum að Falljöklum á næstunni. Spurt um þyrluumferð. Þjóðgarðsverði í Skaftafelli falið að vinna málið áfram.

4. UAR - Innviðasjóður - 1910006

Þjóðgarðsverðir fara yfir umsóknir í innviðasjóð fyrir árið 2023.

Á austanverðu suðursvæði voru sendar inn fjórar umsóknir í innviðasjóð. Sú langstærsta er fyrir salerni í Vestri-Fellsfjöru. Einnig var sótt um styrki fyrir lagfæringar á aðalbílastæðinu við Jökulsárlón, breytingar á deiliskipulagi við Jökulsárlón og salerni við Hjallanes.

Á vestanverðu suðursvæði voru sendar inn u.þ.b. tíu umsóknir í innviðasjóð. Nokkrar tengdust fráveitu í Skaftafelli. Einnig var sótt um fyrsta áfanga í hönnun á hjólastíg, lagfæringar á göngustígnum næst Svartafossi, lagfæringar á bílastæði við Sandfell, útsýnispall með hjólastólaaðgengi við Magnúsarfoss, lokafrágang á fræðslutorginu framan við gestastofuna, tengingu vestasta hluta tjaldsvæðisins við fráveituna, lokafrágang á skemmum og ganga betur frá svæðinu í kringum hreinsimannvirkið. Einnig stendur til að sækja um styrk í Orkusjóð fyrir endurbætur á heitavatnsborholu.

5. Hlutverk og siðareglur svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs 2019 - 1911018

Varaformaður svæðisráðs fór yfir sínar hugleiðingar um hlutverk svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs. Honum finnst vera minna að gera en t.d. fyrir ári síðan og jafnvel dæmi um að mál sem tengjast suðursvæði hafi farið fyrir stjórn án þess að hafa verið rædd í svæðisráði.

Eftir að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand tók gildi hafa fleiri mál verið afgreidd af starfsfólki. Lögfræðingur þjóðgarðsins er að vinna í endurbættum starfsreglum stjórnar og svæðisráða.

6. Fundartími svæðisráðs suðursvæðis 2022-2023 - 2209097

Varaformaður svæðisráðs viðraði hugmyndir um það hvort það væri hægt að hafa fundina líka staðfundi, þó það yrðu yfirleitt einhverjir á fjarfundi. Formaður stakk upp á því að fundir á næstunni yrðu boðaðir í fundarsal í ráðhúsinu og einnig á teams. Samþykkt samhljóða.

7. Húsnæðismál - Höfn - 2111034

Settur framkvæmdastjóri greindi frá stöðu húsnæðismála á Höfn. Formaður svæðisráðs sagði frá þeim viðræðum sem hafa verið í gangi milli þjóðgarðsins og sveitarfélagsins varðandi bæði tímabundna lausn og framtíðarlausn.

Fundargerð ritaði: Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundi slitið kl. 12:00.